



Brýr í hringrásarhagkerfi - Áfangaskýrsla 1. Guðrún María Guðjónsdóttir og Magnús Arason. Efla hf. – apríl 2022.

Ágrip skýrsluhöfunda:

Í skýrslunni er fjallað um brýr í hringrásarhagkerfi. Fjallað er um hringrásarhagkerfið og byggingariðnaðinn almennt og þróun á hringrásarmælikvörðum, m.a. fyrir brýr.

Sem hluti af vinnu við fyrsta áfanga hefur komist á samband milli höfunda og ráðgjafafyrirtækisins Arup í Hollandi. Arup er í samstarfi við vegamálayfirvöld þar í landi að vinna að umfangsmiklu verkefni sem snýr að því að útbúa leiðarvísi með hönnunaraðgerðum fyrir hönnuði með það að markmiði að auka hringrásareiginleika brúa, auk þess að setja fram mælikvarða fyrir þessar aðgerðir. Næsti áfangi byggir á samstarfi við Arup með það að markmiði að nýta slíka aðferðafræði á brýr á Íslandi.